

AUGLÝSING

um gildistöku viðbótarsamnings við Norður-Atlantshafssamninginn um aðild Litháens.

Viðbótarsamningur við Norður-Atlantshafssamninginn frá 4. apríl 1949 um aðild lýðveldisins Litháens, sem gerður var í Brussel 26. mars 2003, öðlaðist gildi 27. febrúar 2004, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 39/2003 þar sem viðbótarsamningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 2. mars 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.